## Yfirlýsing fundar bæjarstjóra Barnvænna sveitarfélaga

Samþykkt í Hörpu, 2. nóvember 2023

Við, bæjar- og sveitarstjórar þeirra sveitarfélaga sem vinna að því að öðlast viðurkenningu sem Barnvænt sveitarfélag UNICEF, erum sammála um að halda áfram að standa vörð um réttindi barna í gegnum verkefnið Barnvæn sveitarfélög.

Í þessu skyni erum við sammála um að í öllum sveitarfélögum sé mikilvægt að tryggja:

- Fræðslu um réttindi barna fyrir starfsfólk og börn
- Góðar þátttökuleiðir fyrir börn þannig að þau geti haft áhrif á samfélagið sitt
- Sértækan stuðning fyrir viðkvæma hópa barna
- Stuðla að barnvænni nálgun alls starfsfólks í störfum sínum þannig að þau geri sér grein fyrir áhrifunum sem þau hafa á börn

Við, bæjar- og sveitarstjórar, munum leggja okkur sérstaklega fram um að skapa samstöðu og samvinnu á meðal alls starfsfólks í okkar sveitarfélögum um verkefnið. Það gerum við með því að:

- Kynna þau tækifæri sem felast í verkefninu sem öll börn njóta góðs af
- Minna á mikilvægan rétt barna til að fá hlustun og hafa áhrif
- Benda á samlegðaráhrif verkefnisins með innleiðingu farsældarlaganna og hvetja til þess að þau séu nýtt
- Hvetja starfsfólk okkar áfram og minna það á þau góðu áhrif sem þau hafa með störfum sínum

Að yfirlýsingunni standa:

Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Akureyrar
Ásdís Kristjánsdóttir, bæjarstjóri Kópavogs
Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri Reykjanesbæjar
Haraldur Benediktsson, bæjarstjóri Akraness
Almar Guðmundsson, bæjarstjóri Garðabæjar
Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri Mosfellsbæjar
Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfjarðar
Þór Sigurgeirsson, bæjarstjóri Seltjarnarnesbæjar
Björn Ingimarsson, sveitarstjóri Múlaþings
Sigurjón Andrésson, sveitarstjóri Hornafjarðar
Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps
Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps
Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri Grundafjarðar
Linda Björk Pálsdóttir, sveitarstjóri Hvalfjarðarsveitar
Ólafur Þór Ólafsson, staðgengill sveitarstjóra Skagastrandar
Jóna Árný Þórðardóttir, bæjarstjóri Fjarðabyggðar
Stefán Broddi Guðjónsson, sveitarstjóri Borgarbyggðar
Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri Húnaþings vestra
Þorgeir Pálsson, sveitarstjóri Strandabyggðar
Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri Rangárþings eystra

Barnvæn sveitarfélög | unicef fyrir öll börn